

Forseti Íslands



Byltingin á Bessastöðum

*Breytingar á embætti forseta
Íslands í valdatíð
Ólafs Ragnars Grímssonar*

Guðni Th. Jóhannesson, gj@ru.is



Inngangur

- „Þessi gamli siður, að forsetinn héldi sig bara til hlés og segði helst ekki neitt, nema örfá skipti á ári, hann á kannski ekki við í þessu samfélagi sem við búum við í dag.“
„Kastljósið“, Ríkissjónvarpinu, 18. mars. 2004.



Inngangur

- „Ég hef verið að þróa forsetaembættið í ákveðnar áttir vegna þess að ég tel að á tuttugustu og fyrstu öldinni getum við ekki lifað einangruðu lífi.“

„Ákvörðun Ólafs veltur á stuðningi þjóðarinnar“, *Vísir.is*, 8. okt. 2007, 19:23,

[<http://www.visir.is/article/20071008/FRETTIR01/71008107&SearchID=73295946207290>]



Helstu atriði

- Stjórnarmyndanir
- Synjunarvald
- „Útrásin“
- „Séð og heyrt væðing“
- Endurskoðun stjórnarskrárinnar

Stjórnarmyndanir



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY



Geir H. Haarde gengur á fund forseta Íslands, biðst lausnar og fær um leið umboð til myndunar nýrrar ríkisstjórnar.

Vísir.is, 18. maí 2007,

[<http://www.visir.is/article/20070518/FRETTIR01/70518035&SearchID=73306086295674>].



Stjórnarmyndanir

- „Blessunarlega hefur orðið sú breyting að forystumönnum flokkakerfisins á Íslandi hefur smátt og smátt lærst að mynda ríkisstjórnir. ... Það tel ég hið æskilega, að forystumenn flokkanna á vettvangi Alþingis annist sjálfir það verk að finna flöt til stjórnarmyndunar. Ég vona að sá lærdómur, sem þeir hafa tileinkað sér, haldi áfram að móta störf þeirra við stjórnarmyndunina. Það er það leiðarljós sem ég mun fyrst og fremst hafa.“
Morgunblaðið, 28. júní 1996,
[http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=272980].



Stjórnarmyndanir

- „Einn þáttur þessa máls mun verka töluvert á forystumenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og hann er sá, að hleypa forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni, hvergi að í stjórnarmyndun, sé þess nokkur kostur. Forsetinn bíður eftir slíku tækifæri og mun vafalaust leggja sína lóð á vogarskálarnar til þess að hér verði til ný vinstri stjórn.“

„Reykjavíkurbref“, *Morgunblaðið*, 29. apr. 2007,
[http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1142447]

Synjunarvald



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY



Forseti tilkynnir að hann undirriti ekki fjölmiðlalögin svokölluðu, 2. júní 2004.
<http://mbl.is/mm/myndasafn>



Synjunarvald

- „Þegar ég skrifaði ekki undir fjölmiðlalögin á sínum tíma spáðu margir, sumir virtir aðilar í okkar samfélagi, að það myndi leiða til alvarlegrar stjórnkerfiskreppu, það myndi hrikta í stjórnskipun landsins. Staðreyndin varð sú að stjórnskipunin virkaði fullkomlega eðlilega og forsetinn beitti því valdi sem stjórnarskráin fól honum. Þingið brást við með því að lögin voru afnumin. Þau höfðu ekki stuðning þings eða þjóðar þegar á reyndi, allt féll í ljúfa löð og engin stjórnkerfiskreppa birtist okkur.“

Þórarinn Þórarinsson, „Ekkert letilíf á Bessastöðum“, *Mannlíf*, 1/25, 2. janúar 2008, bls. 44.

„Útrásin“



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY



Ólafur Ragnar
Grímsson og Hu
Jintao, forseti
Kína, á fundi í
Sjanghæ, 2. okt.
2007,
[eyjan.is/files/2007/10/org-hu-jintao.jpg]

„Útrásin“

- „Ég geri mér líka grein fyrir því að margir heima á Íslandi spyrja, ja af hverju er forsetinn alltaf að þvælast þarna í útlöndum, og hvað er eiginlega á seyði?“
„Ákvörðun Ólafs veltur á stuðningi þjóðarinnar“, *Vísir.is*, 8. okt. 2007, 19:23,
[<http://www.visir.is/article/20071008/FRETTIR01/71008107&SearchID=73295946207290>]

„Séð og heyrt væðing“



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY



„Dorrit Moussaieff, forseti, Albert fursti og Caroline prinsessa fylgjast með flugeldasýningu.“

[<http://www.forseti.is/Forsida/Forsetilslands/DorritMoussaieff/MyndirPictures/>].



„Séð og heyrt væðing“

- „Þá hlutverkaskipan valdi forseti sjálfur. Hún var ekki hafin yfir gagnrýni en var hluti af þeirri ímynd, sem Ólafur Ragnar kynnti í undanfara kosninga. Að þeim loknum kom samt á óvart hve rækilega fjölskyldunni var blandað í embættisverk. ... Séð-og-heyrt-væðing embættisins á enga samsvörun í þeim gildum og venjum, sem embættið á að standa vörð um.“

Sjá: „Reykjavíkurbref“, *Morgunblaðið*, 4. júní 2000,
[http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=539145]

Endurskoðun stjórnarskrárinnar



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

STJÓRNARSKRÁ um hin sjerstaklegu málefni Ís-
lands. *Stj. 252-1875-1920.* 1874
5. jan.
Vjer Chr. IX., o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir
að frumvarp til fyrirkomulags á stjórnarmálefnum Ís-
lands fleirum sinnum höfðu verið lögð fyrir hið íslenzka
alþingi án þess, að þingið hafði viljað aðhyllast þau,
sem haldið var á árinu, sem leið, sumpart
stjórnarskrá, sumpart í þegnlegu ávarpi, er
þaðna, látið í ljósi þá ósk, að Vjer vildum





Endurskoðun stjórnarskrárinnar

- „Ég hef oft sagt að það er merkilegur vitnisburður um hugsun þeirra manna sem mótuðu íslensku stjórnarskrána, forystusveitar þjóðarinnar á fyrri hluta síðustu aldar, að stjórnarskráin er svo listilega smíðuð að hún hefur veitt svigrúm fyrir þessa þróun og breytingar sem orðið hafa, bæði í viðfangsefnum þjóðmálanna sem og í þjóðfélaginu án þess að þurft að hafi að gera róttækar breytingar á henni. Slíkt er eðliskostur stjórnarskrár. Það er vont að vera að hringla með stjórnarskrár.“

Þórarinn Þórarinsson, „Ekkert letilíf á Bessastöðum“, *Mannlíf*, 1/25, 2. janúar 2008, bls. 44.



Endurskoðun stjórnarskrárinnar

- „Mörg ákvæði í þessum kafla [um forseta og framkvæmdarvald] eru orðuð þannig að þau draga ekki upp rétta mynd af raunveruleikanum nema þau séu lesin í samhengi hvert við annað og skýrð í ljósi ýmissa venjuhelgaðra reglna sem hafa í raun öðlast stjórnarskrárvarða stöðu, svo sem þingræðisreglunnar, sem þó er ekki nefnd. Þetta á til að mynda við um valdheimildir forseta og ráðherra. Nefndin hefur staldrað við það hvort ekki sé ástæða til þess að minnsta kosti að skýra betur hlutverk forseta Íslands í stjórnskipuninni og valdsvið gagnvart ríkisstjórn. Texti núgildandi stjórnarskrár veiti litla vísbendingu um þær venjuhelguðu reglur sem gildi á þessu sviði.“

„Áfangaskýrsla“, <http://www.stjornarskra.is/media/frettir/februar.pdf>.

Forseti Íslands



Byltingin á Bessastöðum

*Breytingar á embætti forseta
Íslands í valdatíð
Ólafs Ragnars Grímssonar*

Guðni Th. Jóhannesson, gj@ru.is